

Ed.

213. Nefndarálit

[116. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Í lögum um skólakostnað er kveðið svo á, að framlög ríkisins til skólamannvirkja skiptist á þriggja ára greiðslutímabil vegna hverrar framkvæmdar. Frv. þetta felur í sér þá breytingu, að á árinu 1969 skulu framlög til nýrra skólamannvirkja skiptast á fjögurra ára greiðslutímabil vegna hverrar framkvæmdar.

Minni hl. menntamálanefndar telur rétt, að skólakostnaðarlögin frá 1967 verði látin koma til fullra framkvæmda á næsta ári, og leggur því til, að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 19. des. 1968.

Páll Þorsteinsson,
frsm.

Ólafur Jóhannesson.

Sigurður Grétar Guðmundsson.